



Akraneskaupstaður

Ályktun bæjarstjórnar Akraness vegna uppsagna starfsfólks embættis sýslumannsins á Vesturlandi

Bæjarstjórn Akraness mótmælir harðlega uppsögnum starfsfólks hjá starfsstöð sýslumannsins á Akranesi sem fela m.a. í sér að ekki verður lengur til staðar löglærður fulltrúi með fasta viðveru í langfjölmennasta byggðarkjarna á Vesturlandi.

Í aðdraganda þeirra breytinga sem gerðar voru í upphafi árs 2015, með aðskilnaði sýslumanns- og lögreglustjóraembætta, mótmæltu bæjaryfirvöld á Akranesi harðlega þeim áformum að hvorki sýslumaður né lögreglustjóri yrðu staðsettir á Akranesi en einungis á Vesturlandi var gengið framhjá stærsta byggðarkjarna umdæmis við val á staðsetningu umræddra embætta.

Í kjölfar framangreindra ráðstafana var því lofað að þjónustan á Akranesi yrði sambærileg við það sem áður var hvort sem litið væri til starfsemi lögreglu eða sýslumanns. Þær ákvarðanir sem nú hafa verið teknar munu að mati bæjarstjórnar augljóslega skerða þjónustu við bæjarbúa og eru með öllu óásættanlegar.

Bæjarstjórn Akraness skorar á hæstvartan dómsmálaráðherra, Sigríði Andersen, að bregðast tafarlaust við þessari stöðu og beita sér fyrir því að fjárheimildir verði auknar til samræmis við áður gefin fyrirheit um „...starfsstöðvar og starfsmannahald hjá embættunum ...“ sbr. m.a. nefndarálit meirihluta fjárlaganefndar um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2018.

Akranesi, 27. febrúar 2018

Bæjarfulltrúar á Akranesi

Sigríður Indriðadóttir
Dalgardur G. Fjellum
Ingibjörg Valdimarsd.

Júliana Þorvaldsdóttir

Samir frá kinn
Þórhildur Guð

Einna Brandsson

Rúkel Óskarsdóttir
Vilborg P. Guðmátsdóttir

Ólafur Þorvaldsson